

Kerecis hf.
Ársreikningur móðurfélag
1. okt. 2020 - 30. sept. 2021

Kerecis hf.
Eyrargata 2
400 Ísafjörður
kt. 651007-0620

Kerecis hf.
Ársreikningur móðurfélags
1. okt. 2020 - 30. sept. 2021

Efnisyfirlit

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðsstreymi	7
Skýringar	8-14

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í Kerecis hf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 1. okt. 2020 - 30. sept. 2021 fyrir Kerecis hf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. maí 2022

Deloitte ehf.

Ingvi Björn Bergmann
Endurskoðandi

Eyþór Guðjónsson
Endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kerecis hf. fyrir tímabilið 1.10.20 - 30.9.21 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kerecis þróar, framleiðir og markaðssetur ágræðslur og ígræðslur úr fiskiroði í lækisfræðilegum tilgangi. Markmið Kerecis er að nýta úrræði náttúrunnar, með sjálfbærum hætti, til að efla líf og styðja við getu líkamans til þess að verja sig og endurnýja.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	1.10.20 - 30.9.21	1.10.19 - 30.9.20
Rekstrartekjur félagsins námu.....	567.435.692	315.276.732
Tap félagsins nam.....	(118.907.107)	(52.488.765)
Fjöldi ársverka nam.....	49	36
	30.09.2021	30.09.2020
Eignir félagsins námu.....	2.724.628.520	2.387.661.514
Bókfært eigið fé nam.....	1.629.626.482	1.616.658.336
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	59,8%	67,7%

Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 252 milljónir króna á milli tímabila eða um 80%. Þessa hækkun má rekja til aukinna umsvifa á bandaríkjamarkaði og þýskumælandi evrópumörkðum. Megin þorri rekstrartekna Kerecis hf. kemur frá sölu til dótturfélögum þess í Bandaríkjunum og Sviss. Bandaríska dótturfélagið er staðsett í Washington D.C. og svissnenska dótturfélagið í Zurich. Rannsókn og þróunarstarfsemi félagsins er að mestu leyti starfrækt á Íslandi.

Stjórnendur hafa unnið markvisst að markaðs- og kynningarstarfi á vörum félagsins, sem hefur skilað sér í aukinni veltu. Til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir vörum félagsins hafa stjórnendur unnið að því að auka framleiðslugetu félagsins, m.a. með fjölgun starfsmanna í framleiðslu og stækkun framleiðsluhúsnæðis.

Óvissuþættir í rekstri og áhrif ytra umhverfis

Þrátt fyrir áframhaldandi heimsfaraldur Covid 19 á fyrri hluta tímabilsins hafði það ekki teljandi áhrif á rekstur félagsins. Starfsmönnum á skrifstofu var skipt niður í hópa og starfsmenn í framleiðslu var skipt niður á vaktir þegar smittölur voru hvað hæstar til þess að tryggja að starfsemin gengi hnökralaust fyrir sig. Félagið lagði mikið upp úr því að nýta tæknina, m.a. með fjarfundum og - ráðstefnum, sem gaf góða raun. Með faraldurinn í rénun hafa þó fundir í eigin persónu ásamt vörusýningum færst aftur í aukan.

Félagið stendur frammi fyrir gengisáhættu gagnvart viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendri mynt, en þær stöður eru nánast að öllu leiti við tengda aðila. Þá hefur félagið fjármagnað sig með útgáfu á breytanlegum skuldabréfum í erlendri mynt.

Hluthafar

Í lok tímabilsins voru 193 hluthafar í félaginu en þeir voru 172 í upphafi árs:

	Hlutdeild	Hlutir
Omega ehf.....	14,1%	920.654
CuraeLab SARL.....	13,0%	848.192
BBL 34 ehf.....	12,4%	809.886
Emerson Collective LLC.....	7,3%	474.194
FnF ehf.....	6,8%	442.047
1924 ehf.....	4,0%	263.209
Fossar ehf.....	3,2%	208.510
Klofningur ehf.....	3,0%	197.710
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.....	2,1%	140.037
Nataaqaq Fisheries, Inc.....	2,1%	138.998
Aðrir.....	31,9%	2.076.682
Samtals.....	100%	6.520.119

Skýrsla stjórnar

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur á árinu 2022 og að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn Kerecis hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Ísafirði, 23. maí 2022

Í stjórn

Guðmundur Fertram Sigurjónsson

Ólafur Ragnar Grímsson

Andri Sveinsson

Franck Sinabian

J. Ernest Kenney

Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. okt. 2020 - 30. sept. 2021

	Skýr.	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Rekstrartekjur	4	567.435.692	315.276.732
Framleiðsla		(308.550.588)	(161.952.353)
Aukning eignfærðra birgða		<u>103.552.117</u>	<u>43.500.107</u>
		362.437.221	196.824.486
Aðrar tekjur		218.442.384	202.175.705
Fjárfestingar í framleiðsluverksmiðju		(57.594.552)	(35.615.031)
Sölu og markaðskostnaður		(136.818.834)	(66.485.403)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(257.286.559)	(166.044.662)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður		(253.567.569)	(289.360.113)
		<u>(124.387.909)</u>	<u>(158.505.018)</u>
Eignfærður þróunarkostnaður		165.901.381	92.773.269
Afskriftir		<u>(95.111.529)</u>	<u>(49.538.445)</u>
Rekstrartap		(53.598.057)	(115.270.194)
Fjármunatekjur		42.595.106	45.787.377
Fjármagnsgjöld		(57.428.413)	(12.516.666)
Gengismunur		<u>(137.640.819)</u>	<u>252.865.935</u>
	6	(152.474.126)	286.136.646
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	10	<u>87.165.076</u>	<u>(223.355.217)</u>
Tap tímabilsins		<u><u>(118.907.107)</u></u>	<u><u>(52.488.765)</u></u>

Efnahagsreikningur 30.9.2021

Eignir	Skýr.	30.09.2021	30.09.2020
Fastafjármunir			
Eignfærður þróunarkostnaður	8	549.715.043	451.069.903
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	130.824.441	91.225.980
Eignarhlutur í dótturfélögum	10	0	13.839.571
Kröfur á tengd félög	13	44.465.825	46.510.773
		<u>725.005.309</u>	<u>602.646.227</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	11	188.508.500	85.985.983
Viðskiptakröfur		45.870.948	20.575.095
Kröfur á tengd félög	13	1.571.177.385	1.146.242.366
Aðrar skammtímakröfur		66.369.051	44.441.932
Handbært fé		127.697.327	487.769.911
		<u>1.999.623.211</u>	<u>1.785.015.287</u>
Eignir		<u>2.724.628.520</u>	<u>2.387.661.514</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	6.520.119	6.463.869
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.664.643.529	3.614.272.397
Lögbundinn varasjóður		340.999.841	213.482.580
Þýðingarmunur		(120.451.149)	(201.899.020)
Óráðstafað eigið fé		(2.262.085.858)	(2.015.661.490)
Eigið fé		<u>1.629.626.482</u>	<u>1.616.658.336</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		51.702.203	45.555.447
Næsta árs afborgun langtímaskulda		956.115.314	681.476.941
Aðrar skammtímaskuldir		87.184.521	43.970.790
		<u>1.095.002.038</u>	<u>771.003.178</u>
Skuldir		<u>1.095.002.038</u>	<u>771.003.178</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.724.628.520</u>	<u>2.387.661.514</u>

Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1. okt. 2020 - 30. sept. 2021

	Skýr.	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(53.598.057)	(115.270.194)
Afskriftir		95.111.529	49.538.445
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		41.513.472	(65.731.749)
Vörubirgðir (hækkun)		(102.522.517)	(43.500.107)
Rekstrartengdar eignir (hækkun)		(50.857.652)	(1.987.654)
Rekstrartengdar skuldir hækkun, (lækkun)		48.753.498	(7.821.094)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(63.113.199)	(119.040.604)
Innborgaðir vextir og arður		41.299.985	45.787.377
Greiddir vextir		(57.428.413)	(12.516.667)
Handbært fé til rekstrar		(79.241.627)	(85.769.894)
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærður þróunarkostnaður	8	(165.901.381)	(92.773.269)
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(66.588.760)	(58.721.692)
Lán til tengdra aðila		(340.128.197)	(709.197.018)
		(572.618.338)	(860.691.979)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgun hlutafjár		50.427.381	57.353.899
Ný lán		241.360.000	681.476.941
		291.787.381	738.830.840
Lækkun handbærs fjár		(360.072.584)	(207.631.033)
Handbært fé í upphafi tímabils		487.769.911	695.400.944
Handbært fé í lok tímabils		127.697.327	487.769.911

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kerecis hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Kerecis hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Eyrargata 2, 400 Ísafjörður.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Rekstrartekjur skiptast í innlandar og erlendar tekjur:		
Innlend vörusala	57.271.124	18.250.908
Erlend vörusala	510.164.568	297.025.824
	<u>567.435.692</u>	<u>315.276.732</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Laun	389.029.925	240.428.695
Ógreitt áfallið orlof, breyting	14.184.811	(1.570.465)
Lífeyrissjóður	50.549.494	31.062.439
Önnur launatengd gjöld	33.327.880	17.390.464
Annar starfsmannakostnaður	2.797.681	3.933.423
	<u>489.889.791</u>	<u>291.244.556</u>
Stöðugildi að meðaltali	49	36
Laun og annar starfsmannakostnaður eftir deildum:	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Laun - framleiðsla	236.974.030	128.155.005
Laun - Sala og markaðssetning	99.730.256	48.842.825
Laun - skrifstofa og stjórnun	95.021.331	57.789.341
Laun - Rannsóknir og þróun	58.164.174	56.457.385
	<u>489.889.791</u>	<u>291.244.556</u>

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	2.451.879	11.100.250
Vaxtatekjur af kröfum á tengda aðila	40.143.227	34.687.127
	<u>42.595.106</u>	<u>45.787.377</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld skammtímalána frá lánastofnunum	(657.219)	(486.106)
Vaxtagjöld og verðbætur af öðrum lánum	(56.057.315)	(11.577.687)
Önnur vaxtagjöld	(713.879)	(452.873)
	<u>(57.428.413)</u>	<u>(12.516.666)</u>
Gengismunur greinist þannig:		
Gengismunur	(137.640.819)	252.865.935
	<u>(137.640.819)</u>	<u>252.865.935</u>
	<u>(152.474.126)</u>	<u>286.136.646</u>

7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts árið 2022 þar sem tekjuskattsstofn er neikvæður. Engin tekjuskattsinneign hefur verið færð vegna yfirfæranlegs taps vegna óvissu um nýtingu hennar.

8. Eignfærður þróunarkostnaður

	Samtals
Kostnaður	
Staða okt. 1, 2019	503.879.258
Viðbætur	156.572.066
Endurgreiddur þróunarkostnaður frá hinu opinbera	<u>(63.798.797)</u>
Staða okt. 1, 2020	596.652.527
Viðbætur	238.031.521
Endurgreiddur þróunarkostnaður frá hinu opinbera	<u>(72.130.140)</u>
Staða sept. 30, 2021	<u>762.553.908</u>
Afskriftir	
Staða okt. 1, 2019	104.156.979
Afskrift tímabilsins	<u>41.425.645</u>
Staða okt. 1, 2020	145.582.624
Afskrift tímabilsins	<u>67.256.241</u>
Staða sept. 30, 2021	<u>212.838.865</u>
Bókfært verð	
Staða okt. 1, 2019	<u>399.722.279</u>
Staða okt. 1, 2020	<u>451.069.903</u>
Staða sept. 30, 2021	<u>549.715.043</u>
Afskriftarhlutfall	10%

Skýringar

9. Fastafjármunir

	Vélar & áhöld	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð			
Staða okt. 1, 2019	59.807.047	5.160.182	64.967.229
Viðbætur	58.721.692		58.721.692
Staða okt. 1, 2020	118.528.739	5.160.182	123.688.921
Viðbætur	66.588.760		66.588.760
Staða sept. 30, 2021	185.117.499	5.160.182	190.277.681
Afskriftir			
Staða okt. 1, 2019	21.127.185	3.222.956	24.350.141
Afskrift tímabilsins	7.720.351	392.449	8.112.800
Staða okt. 1, 2020	28.847.536	3.615.405	32.462.941
Afskrift tímabilsins	25.958.263	1.032.036	26.990.299
Staða sept. 30, 2021	54.805.799	4.647.441	59.453.240
Bókfært virði			
Staða okt. 1, 2019	38.679.862	1.937.226	40.617.088
Staða okt. 1, 2020	89.681.203	1.544.777	91.225.980
Staða sept. 30, 2021	130.311.700	512.741	130.824.441
Afskriftarhlutföll	20%	20%	

10. Eignarhlutar í dótturfélögum

	Hludeild	Nafnverð	Bókfært virði	Starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:				
Kerecis LLC	100,00%	USD 1.500	0	Sala
Kerecis AG	100,00%	CHF 5.022.772	0	Sala
Kerecis Services ehf.	100,00%	500.000	0	Þjónusta

Breytingar eignarhluta í dótturfélögum greinast þannig:

	Kerecis LLC	Kerecis AG	Kerecis Services ehf.	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021 Total
Staða okt. 1, 2020	(1.284.335.901)	13.839.571		(1.270.496.330)
Viðbætur			500.000	500.000
Afskrift viðskiptavildar		(864.989)		(864.989)
Hlutdeild í afkomu	273.329.011	(177.367.569)	(8.796.366)	87.165.076
Þýðingarmunur	80.927.124	520.747		81.447.871
Endurflokkað á kröfur á tengda	930.079.766	163.872.240	8.296.366	1.102.248.372
Staða sept. 30, 2021	0	0	0	0

Sundurliðun á hlutdeild:

	Hagnaður/(tap)		Eigið fé	
	1. okt. 2020 - 30. sept. 2021	1. okt. 2019 - 30. sept. 2020		
<i>Fjárhæðir í uppgjörsmýnt:</i>			44469	44104
Kerecis LLC (USD)	2.133.616	(540.741)	(7.136.892)	(9.270.506)
Kerecis AG (CHF)	(1.258.792)	(1.091.318)	(1.219.117)	43.085
Kerecis Services ehf. (ISK)	(8.796.366)	0	(8.296.366)	3.331
	(7.921.542)	(1.632.059)	(16.652.375)	(9.224.090)

Skýringar

11. Birgðir

	30.09.2021	30.09.2020
Fullunnar vörur	26.192.166	17.483.746
Umbúðir	6.536.194	3.228.414
Hráefni	155.780.140	65.273.823
	<u>188.508.500</u>	<u>85.985.983</u>

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	6.520.119	100%	6.520.119
	<u>6.520.119</u>	<u>100%</u>	<u>6.520.119</u>

Útgefnir hlutir í lok tímabilsins eru alls 6.520.119 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé okt. 1, 2019	6.369.897	3.634.756.166	(1.911.970.288)	1.729.155.775
Hækkun hlutfjár	93.972	57.259.926		57.353.898
Eignf. Þróunarkostn		92.773.269	(92.773.269)	0
Afskr. Þróunarkostn.		(41.425.645)	41.425.645	0
Þýðingarmunur		(117.362.572)		(117.362.572)
Tap tímabilsins		0	(52.488.765)	(52.488.765)
Eigið fé okt. 1, 2020	6.463.869	3.626.001.144	(2.015.806.677)	1.616.658.336
Leiðr. eigið fé fyrra árs		(250.000)		(250.000)
Hækkun hlutfjár	56.250	50.621.132		50.677.382
Eignf. Þróunarkostn		181.518.438	(181.518.438)	0
Afskr. Þróunarkostn		(67.256.241)	67.256.241	0
Þýðingarmunur		81.447.871		81.447.871
Tap tímabilsins		0	(118.907.107)	(118.907.107)
Eigið fé sept. 30, 2021	<u>6.520.119</u>	<u>3.872.082.344</u>	<u>(2.248.975.982)</u>	<u>1.629.626.482</u>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Yfirverðs-reikningur	Þýðingarmunur	Eignfærður þróunarkostn.	Samtals bundið eigið fé
Eigið fé okt. 1, 2019	3.557.012.470	(84.536.448)	162.280.144	3.634.756.166
Hækkun hlutfjár	57.259.926			57.259.926
Eignf. Þróunarkostn			92.773.269	92.773.269
Afskr. Þróunarkostn			(41.425.645)	(41.425.645)
Þýðingarmunur		(117.362.572)		(117.362.572)
Eigið fé okt. 1, 2020	3.614.272.396	(201.899.020)	213.627.768	3.626.001.144
Leiðr. eigið fé fyrra árs	(250.000)			(250.000)
Hækkun hlutfjár	50.621.132			50.621.132
Eignf. Þróunarkostn			181.518.438	181.518.438
Afskr. Þróunarkostn			(67.256.241)	(67.256.241)
Þýðingarmunur		81.447.871		81.447.871
Eigið fé sept. 30, 2021	<u>3.664.643.529</u>	<u>(120.451.149)</u>	<u>327.889.965</u>	<u>3.872.082.344</u>

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum, sjá nánar skýringu 20 í samstæðuársreikning félagsins.

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

Viðskipti við tengd félög 1. okt. 2020 - 30. sept. 2021:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Dótturfélög	468.690	544.443.809	1.615.643.210	
	468.690	544.443.809	1.615.643.210	0

Viðskipti við tengd félög 1. okt. 2019 - 30. sept. 2020:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Dótturfélög	3.383.823	266.456.551	1.192.753.139	
	3.383.823	266.456.551	1.192.753.139	0

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

14. Fjárhagsleg áhættustýring

Félagið stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í erlendum gjaldmiðli, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

30.9.2021	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
CHF	139,33	347.306.797	0	347.306.797
EUR	150,90	51.766.550	6.653.355	45.113.195
USD	130,32	2.293.785.571	968.900.543	1.324.885.028
		2.692.858.918	975.553.898	1.717.305.020

15. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa, hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningasskilareglur og skulu þær sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftár ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara oa áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.